

**Nýsköpunarsjóðsverkefni unnið fyrir Reykjavíkurborg-Saman gegn ofbeldi
Drög dags. 25. september. Heiðrún Ósk Sigurðardóttir**

Aldraðir og heimilisofbeldi
Fræðsluefni

Útdráttur

Heimilisofbeldi aldraðra er falið vandamál og er mun algengara en almenningur gerir sér grein fyrir. Heimilisofbeldi er ofbeldi sem á sér stað á milli skyldra eða tengdra aðila og getur gerst hvar sem er. Það sem skiptir máli eru tengsl brotþola og geranda.

Ofbeldi gagnvart öldruðum getur verið ólíkt ofbeldi gagnvart öðrum. Aldraðir geta verið í áhættuhópi á því að verða fyrir heimilisofbeldi, brotþolar geta átt erfitt með að greina ofbeldi sem ofbeldi eða misnotkun, geta átt erfitt með að tala um ofbeldið og vita kannski ekki hvernig og hvar þeir geta fengið viðeigandi aðstoð. Heilsa brotþola getur einnig gert þeim erfitt fyrir að segja frá ofbeldinu og nálgast aðstoð.

Nauðsynlegt er að auka þekkingu aldraðs fólks, almennings, fagfólks og annarra sem annast eldra fólk, um heimilisofbeldi aldraðra. Eitt það besta sem hægt er að gera til þess að koma í veg fyrir ofbeldi aldraðra er að fræða almenning. Með því að þekkja viðvörðunarkerki og birtingarmyndir og að vita hvar og hvernig hægt er að nálgast aðstoð, er hægt að sporna gegn ofbeldi gegn öldruðum.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Efnisyfirlit.....	4
1 Inngangur	5
2 Skilgreiningar	6
3 Birtingarmyndir heimilisofbeldis aldraðra.....	7
3.1 Líkamlegt ofbeldi.....	7
3.2 Andlegt ofbeldi.....	7
3.3 Kynferðislegt ofbeldi.....	8
3.4 Fjárhagslegt ofbeldi	8
3.5 Vanræksla	9
4 Hvað er sérstakt við heimilisofbeldi aldraðra	10
4.1 Kerfisbundinn ósýnileiki.....	10
4.2 Fjölskyldutengsl.....	10
4.3 Heilsufar	11
4.4 Umönnunaraðilar.....	11
4.5 Kynslóðaviðhorf	11
5 Áhættuþættir brotþola og gerenda.....	12
5.1 Brotþolar og áhættuþættir	12
5.2 Gerendur og áhættuþættir	14
6 Aðstoð og þjónusta til brotþola og gerenda	16
6.1 Aðstoð á Íslandi.....	16
7 Umræður og lokaorð	18
Heimildaskrá	19

1 Inngangur

Ofbeldi gegn öldruðum er falið vandamál og algengara en við gerum okkur grein fyrir. Talið er að fjölgun aldraðra einstaklinga mun vera gríðarleg á næstu áratugum og mun fjöldi þeirra vera tvöfalt meiri árið 2025 miðað við árið 1995 (World Health Organization, 2002). Hér á landi voru íbúar 65 ára og eldri 29.721 talsins árið 1995 (Hagstofa Íslands, e.d.a) og spáð er fyrir því að þeir verða orðnir 62.258 talsins árið 2025 (Hagstofa Íslands, e.d.b). Vegna þessara miklu og hröðu fjölgunar í þessum aldurshópi hafa áhyggjur aukist vegna ofbeldis gegn þeim.

Ofbeldi er skilgreint sem ein eða endurtekin athöfn eða skortur á viðeigandi aðgerðum, sem veldur skaða eða vanlíðan brotþola. Ofbeldisathöfnum er oftast skipt í eftirfarandi flokka; líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og vanræksla (World Health Organization, 2002). Heimilisofbeldi er skilgreint sem ofbeldi sem á sér stað á milli skyldra eða tengdra einstaklinga. Ofbeldið getur átt sér stað inni á heimili brotþola og utan þess, þ.e. staðsetning ofbeldisins skiptir ekki máli, það sem skiptir máli eru tengsl brotþola og geranda (Ríkislögreglustjóri, 2014).

Rannsóknir sýna að eftir því sem brotþolar eldast, því minna er um tilkynningar um heimilisofbeldi. Almennigur tengir oft heimilisofbeldi við konur og börn og hugkvæmist ekki að það eigi sér stað á meðal eldra fólks. Heilbrigðisstarfsfólk getur því gert ráð fyrir að óvenjuleg meiðsli og breytt hegðun eldra fólks tengist aldri þess og þá t.d. aukinni byltuhættu o.þ.h. Þannig myndu hjúkrunarfræðingur eða læknir á heilsugæslu mögulega ekki spyrja skjólstæðing á sjötugsaldri um heimilisofbeldi vegna marbletta eða annarra áverka en myndu spyrja yngri skjólstæðing. Eldra fólk sem verður fyrir heimilisofbeldi á oft erfitt með að segja frá, meðal annars vegna þess að þau vita ekki við hvern þau geta talað eða hvert þau geta leitað, eru hrædd um að þeim verði ekki trúað og eiga erfitt með að nálgast aðstoð (Safe Lives, 2016b). Nauðsynlegt er að auka þekkingu á meðal fagmanna og almennings. Fræðsla til fagfólks, almennings og annarra sem annast eldra fólk getur tryggt velferð þeirra til muna.

2 Skilgreiningar

Ofbeldi er skilgreint sem athöfn eða athafnir sem valda andlegum og/eða líkamlegum sársauka. Ofbeldið getur verið gegn annarri manneskju, gegn hópum, samfélagi eða gegn sjálfum sér og getur það verið viljandi eða slys. Afleiðingar ofbeldis geta verið sálrænn skaði, meiðsli, svipting valds og jafnvel dauði (Violence prevention alliance, e.d.).

Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hendi einhvers sem er honum nákominn. Ríkislögreglustjóri skilgreinir heimilisofbeldi sem ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hendi skyldum aðila. Skyldir aðilar eru til dæmis börn, systkini, hjón, foreldrar eða forráðarmenn. Skyldir aðilar geta einnig verið fyrrverandi eða núverandi maki. Ofbeldið getur meðal annars verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt, fjárhagslegt og/eða vanræksla. Ofbeldið getur átt sér stað bæði á heimili geranda og/eða brotþola eða fyrir utan heimilið og er því ekki bundið við heimili geranda eða brotþola (Ríkislögreglustjóri, 2014).

Ofbeldi gagnvart öldruðum getur verið ólíkt ofbeldi gagnvart öðrum. Til dæmis eru ákveðnir þættir sem geta sett aldraða í áhættuhóp á því að verða fyrir heimilisofbeldi. Þessir þættir geta meðal annars tengst andlegri og líkamlegri heilsu hins aldraða, sambandi þeirra við gerendur og sambandi þeirra við umhverfi sitt (Johannesen og LoGiudice, 2013). Brotþolar geta mögulega ekki greint ofbeldið sem ofbeldi eða misnotkun, þeir geta átt erfitt með að tala um ofbeldið vegna meðal annars kynslóðaviðhorfa, brotþolar vita kannski ekki hvar eða hvernig þeir geta fengið viðeigandi aðstoð eða hafa leitað eftir aðstoð áður og ekki fengið hana. Brotþolar geta átt erfitt með að nálgast aðstoð heilsu þeirra vegna eða halda jafnvel að það er of seint að segja frá ofbeldinu og fá hjálp (Safe Lives, 2016a). Allir þessir þættir og fleiri geta verið einkennandi fyrir heimilisofbeldi gagnvart öldruðum. Farið verður nánar í þessa þætti seinna í efninu.

3 Birtingarmyndir heimilisofbeldis aldraðra

Heimilisofbeldi gegn öldruðum er skilgreint sem ein eða endurtekin athöfn eða skortur á viðeigandi aðgerðum, sem veldur skaða eða vanlíðan brotapolá. Þessar ofbeldisathafnir er skipt upp í fimm megin flokka (World Health Organization, 2002). Í þessum kafla verður gert grein fyrir birtingarmyndum ofbeldisathafna og viðvörðunarkerki þeirra. Ásamt því koma dæmisögur um ofbeldi, en hafa skal í huga að sögurnar eru uppspuni.

3.1 Líkamlegt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi felur í sér líkamlegar árásir eins og meðal annars að slá, ýta, lemja eða sparka. Ofbeldið hefur oft í för með sér líkamleg meiðsli og sjáanlega áverka, en þó ekki alltaf (World Health Organization, 2002). Viðvörðunarkerki líkamlegs ofbeldis fela meðal annars í sér óútskýrð meiðsli á líkama þolanda, svo sem mar, sár, ör og brotin bein (Robinson, Saisan og Segal, 2019). Einnig má nefna vannæringu, ófullnægjandi ummönnun, lélegt hreinlæti eða þegar brotapolí leitar endurtekið til læknis (World Health Organization, 2002).

María sér um og aðstoðar aldraðan afa sinn við dagleg verkefni. Oft á tíðum missir María þolinmæðina þar sem afi hennar hreyfir sig hægt. María ýtir oft við afa sínum til að fá hann til að ganga hraðar og þá hefur gerst að afinn hefur dottið og meitt sig.

3.2 Andlegt ofbeldi

Andlegt ofbeldi getur meðal annars verið ógnanir, niðurlæging, hótanir, að hunsa og að einangra frá fjölskyldu og vinum. Andlegt ofbeldi getur valdið tilfinningalegum og sálrænum skaða. Andlegt ofbeldi skilur ekki eftir sig sjáanlega áverka (World Health Organization, 2002). Viðvörðunarkerki andlegs ofbeldis getur birst þannig að þolandi fer að hegða sér öðruvísi. Hegðun þolanda getur farið að líkjast vitglöpum eins og sýna ótta eða rugling, hjálparleysi, kvíði og þunglyndi. Þolandi getur einnig farið að stjórna, gera lítið úr og ógna fólki í kringum sig, eins og fjölskyldumeðlimum, vinum og umönnunaraðilum (Robinson, Saisan og Segal, 2019). Einnig má nefna einangrun, svefnvandamál, forðun líkamlegrar snertingar og augnsamband (World Health Organization, 2002).

Helgi Pind og Rebekka Pind eru frá Tælandi en hafa búið á Íslandi í meira en 50 ár. Þau búa saman á hjúkrunar- og dvalarheimili. Þau verða daglega fyrir áreiti af hálfu starfsfólks og öðrum íbúum heimilisins (þó alls ekki öllum). Talað er illa um innflytjendur í þeirra eyru, talað um þau sem byrði á samfélaginu og afætur. Starfsfólkið hunsar þau oft þrátt fyrir að þau þurfi á aðstoð þeirra að halda. Helgi og Rebekka vita ekki hvert þau geta leitað. Þau eru hrædd um að þeim verði ekki trúað eða það verði hlegið að þeim. Þetta andlega ofbeldi lætur þeim líða mjög illa og þeim líður ennþá verr því þau vita ekki hvort þau geti leitað sér aðstoðar.

3.3 Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi getur falið í sér líkamlegar kynlífsathafnir og snertingar eins og nauðgun eða kynferðislega áreitni. Að sýna viðkomandi klámfengið efni, neyða til þess að horfa á kynlífsathafnir eða neyða hann til að afklæðast er einnig skilgreint sem kynferðislegt ofbeldi (World Health Organization, 2002). Viðvörunarmerki kynferðislegs ofbeldis eru meðal annars marblettir í kringum brjóst eða kynfæri, óútskýrð blæðing frá leggöngum eða endaparmi og rifin eða blóðug nærföt (Robinson, Saisan og Segal, 2019). Einnig má nefna breytt kynferðisleg hegðun brotþola og árásgirni (World Health Organization, 2002).

Heilsu Stefáns hefur hrakað mikið síðustu ár en Stefán heyrir ekki jafn vel og áður, hann hreyfir sig hægt og þarf aðstoð við dagleg verkefni. Stefán býr heima hjá sér en fær aðstoð frá umönnunaraðilum sem koma á heimili hans. Einn starfsmaður Stefáns áreitir hann kynferðislega. Hann afklæðir Stefán, snertir kynfæri hans og lætur hann snerta sín kynfæri. Stefán getur ekki heilsu sinnar vegna veitt samþykki og á erfitt með biðja um hjálp. Hann reynir að segja öðrum umönnunaraðilum frá ofbeldinu en þau annað hvort trúa honum ekki eða skilja hann ekki.

3.4 Fjárhagslegt ofbeldi

Fjárhagslegt ofbeldi/misnotkun getur meðal annars verið þjófnaður, svik, að taka og/eða eyða pening brotþola án samþykkis, neita brotþola um aðgang að eigin fjárhag og falsa undirskriftir hins aldraða (World Health Organization, 2002). Viðvörunarmerki fjárhagslegs ofbeldis geta verið skyndilegar breytingar á fjárhagsstöðu hins aldraða, persónulegir hlutir eða reiðufé vantar inn á heimili hins aldraða, grunsamlegar breytingar

á til dæmis erfðarskrá og breytingar á fjárhagslegri hegðun (Robinson, Saisan og Segal, 2019; World Health Organization, 2002).

Jóna býr ein á eigin heimili. Elsta barnabarn hennar hjálpar henni að sinna alls konar erindum sem reynast Jónu erfið, eins og að fara í matvörubúð og í bankann. Jóna lét barnabarnið sitt fá aðgang að heimabankanum sínum svo hann gæti meðal annars borgað reikninga og tekið út pening til þess að kaupa matvöru. Mörgum mánuðum seinna, þegar Jóna þurfti á pening að halda kom í ljós að barnabarnið hennar hafði reglulega millifært pening af reikningnum hennar Jónu, yfir á sig.

3.5 Vanræksla

Vanræksla á sér stað þegar grunnþörfum einstaklings er ekki sinnt eða þegar annar aðili kemur í veg fyrir að hinn aldraði geti sinnt grunnþörfum sínum og er það meðvituð vanræksla. Einnig getur verið um ómeðvitaða vanrækslu að ræða, eins og þegar umönnunaraðili er ekki fær um að sjá um hinn aldraða. Grunnþarfir eru til dæmis næring, húsaskjól, öryggi, aðstoð við persónulegt hreinlæti og þess háttar (World Health Organization, 2002). Viðvörunarmerki vanrækslu geta verið óvenjulegt þyngdartap, vannæring, óhreinindi heima og í kringum brotapolá og persónuleg óhreinindi (Robinson, Saisan og Segal, 2019).

Ragnar hafði nýlega misst eiginmann sinn. Hann bauð tveimur fullorðnum börnum sínum að búa hjá sér og hjálpa honum við daglegar athafnir þar sem hann gat ekki búið einn og séð um sig sjálfur. Þau samþykktu það og fluttu inn til hans. Börnin hans sýndu fljótlega lítinn áhuga á að hjálpa föður sínum. Þau vildu ekki búa til mat handa honum, þau þrifu ekki eftir hann, þrifu ekki fötin hans, fóru ekki með hann til læknis, keyptu ekki lyf sem hann þurfti og þess háttar. Hann var skilinn eftir einn heima í marga daga í einu. Grunsemdir fóru að vakna þegar Ragnar var ekki búinn að mæta í mánaðarlega fasta tíma hjá sjúkraþjálfara sínum. Félagsráðgjafi var sendur á heimili hans og fann hún Ragnar í slæmu ásigkomulagi. Ragnar var vannærður og þurfti áriðandi á læknisaðstoð að halda.

4 Hvað er sérstakt við heimilisofbeldi aldraðra

Brotþolar upplifa margir hverjir sameiginleg vandamál og hindranir en aðstæður geta verið öðruvísi þegar kemur að heimilisofbeldi gegn öldruðum. Í þessum kafla verður greint frá ákveðnum þáttum, aðstæðum og hindrunum sem gerir heimilisofbeldi aldraðra sérstakt.

4.1 Kerfisbundinn ósýnileiki

Staðalmynd af heimilisofbeldi sýnir oftast yngra fólk þar sem karl er gerandi og kona og/eða börn brotþolar. Heilbrigðisstarfsfólk og aðrar starfsstéttir sem vinna með öldruðum þekkja oft ekki algengar birtingarmyndir heimilisofbeldis aldraðra og telja því meiðsli, þunglyndi og önnur einkenni skýrast af hækkandi aldri einstaklinga. Samhliða þessu er eldra fólk ólíklegra til þess að segja frá ofbeldi sem þau hafa orðið fyrir og leitað sér hjálpar (Safe Lives, 2016b).

Oft veit þessi hópur ekki hvernig eða hvar þau geta leitað sér aðstoðar. Rannsóknir hafa sýnt að brotþolar eru líklegri til þess að segja frá ofbeldinu ef þau fá endurtekin tækifæri til þess, brotþolar fá að vita af stuðningi sem í boði er og að þau geti leitað til einhvers. Því er mikilvægt að fræða ekki einungis aldraða brotþola um heimilisofbeldi, heldur einnig fagfólk sem vinnur með öldruðum og ekki síður almenning (Safe Lives, 2016b).

4.2 Fjölskyldutengsl

Rannsóknir sýna að eldri brotþolar eru líklegri til þess að hafa verið í sambandi með geranda í langan tíma og hátt upp í fjórðung af öldruðu fólki sem leitar sér aðstoðar vegna heimilisofbeldis á að baki meira en 20 ára samband með geranda. Þess konar tengsl geta gert það að verkum að brotþolar eiga erfiðara með að greina frá ofbeldi og yfirgefa ofbeldissamband þar sem tilfinningatengsl geta verið mikil og sterk. Ótti við viðbrögð fjölskyldu við sambandsslitunum er gjarnan áhyggjuefni fyrir eldri brotþola. Þau vilja mörg ekki „rugga bátnum“ eða slíta fjölskyldutengsl sem spanna fjölda ára. Þessar ástæður geta meðal annars skýrt það hvers vegna eldri brotþolar eru tölfræðilega ólíklegri til þess að segja frá ofbeldi (Safe Lives, 2016a).

4.3 Heilsufar

Eldri brotáþolar eru líklegri til þess að þjást af heilsufarsvandamálum eins og skertri hreyfigetu og öðrum erfiðleikum sem gera þá berskjaldaðri fyrir heimilisofbeldi. Sem dæmi geta brotáþolar verið líkamlega og/eða andlega háðir maka sínum eða öðrum umönnunaraðila vegna lakrar heilsu og treyst á þá öllum stundum og þetta getu valdið einangrun hjá brotáþolum. Þetta skapar hindranir þegar kemur að möguleikum brotáþola á að leita sér aðstoðar. Í sumum tilfellum komast brotáþolar jafnvel ekki út úr húsi til þess að leita sér aðstoðar eða geta ekki haft samband við þjónustuveitanda og/eða aðstandendur þeirra því gerandinn er með brotáþola öllum stundum (Safe Lives, 2016a).

4.4 Umönnunaraðilar

Í mörgum tilfellum er gerandi umönnunaraðili brotáþola. Umönnunaraðili getur verið maki, fjölskyldumeðlimur eða umönnunaraðili í launaðri vinnu. Rannsóknir sýna að þegar umönnunaraðili er maki eða náinn ættingi þá eykst möguleikinn á ofbeldi. Þegar gerandi er umönnunaraðili brotáþola, hvort sem það er maki, fjölskyldumeðlimur eða umönnunaraðili í launaðri vinnu, getur ofbeldið verið minna sýnilegt og erfiðara að koma auga á það. Sem dæmi getur umönnunaraðili gefið brotáþola lyf sem deyfa hann eða þreyta og þá á umönnunaraðilinn auðveldara með að hugsa um hann. Annað dæmi getur verið að umönnunaraðili hætti að gefa brotáþola að drekka vegna þess að þá þarf brotáþoli sjaldnar að fara á klósettið (Safe Lives, 2016b).

4.5 kynslóðaviðhorf

Mismunandi viðhorf og hvernig einstaklingar skilgreina ofbeldi getur haft áhrif á getu fólks til að bera kennsl á ofbeldi. Eldri brotáþolar eru líklegir til þess að hafa alist upp við þau viðhorf að allt sem gerðist á bak við luktur dyr heimilisins var talið einkamál og óásættanlegt að ræða mál heimilisins utan þess. Eldri brotáþolar eru einnig margir hverjir ekki meðvitaðir um þá aðstoð sem þeim býðst þar sem þessi aðstoð var í mörgum tilvikum ekki í boði þegar þau voru yngri. Þetta getur valdið því að eldra fólk telji að engin aðstoð sé í boði né úrræði til þess að bæta aðstæður þeirra (Safe Lives, 2016b).

5 Áhættuþættir brotþola og gerenda

Ákveðnir áhættuþættir og varnarleysi geta aukið líkurnar á því að aldraðir einstaklingar verða fyrir heimilisofbeldi. Einnig eru ákveðnir áhættuþættir á meðal gerenda sem auka líkurnar á því að gerendur beiti aldraða ofbeldi. Algengustu áhættuþættir bæði brotþola og gerenda eru andleg og líkamleg heilsa, vímuefnaneysla, ósjálfstæði (e. dependency), streita og bjargráð, viðhorf, staða fórnarlamb (e. victimization) og sambönd við annað fólk (Storey, 2020). Taka skal fram að heimilisofbeldi getur komið fyrir hvaða aldraða einstakling sem er.

Hér á eftir verður greint frá hverjum þætti fyrir sig, fyrst fyrir brotþola og því næst fyrir gerendur. Höfundur greinarinnar *Risk factors for elder abuse and neglect: A review of the literature* (2020) tók saman 198 greinar um aldraða og ofbeldi. Allar greinarnar fjölluðu um ofbeldi sem beint var að aldraðri manneskju af hálfu fjölskyldumeðlima eða náinna einstaklinga, s.s. ekki ókunnug manneskja. Eftir samantekt greindi höfundur frá átta áhættuþáttum, bæði hjá brotþolum og gerendum, sem geta aukið líkurnar á því að aldraðir einstaklingar verða fyrir heimilisofbeldi.

5.1 Brotþolar og áhættuþættir

Ákveðnir áhættuþættir og varnarleysi brotþola geta skapað aðstæður þar sem meiri líkur eru á ofbeldi gagnvart öldruðum (Robinson, Saisan og Segal, 2019). Tekið skal fram að hvaða aldraði einstaklingur sem er getur orðið fyrir heimilisofbeldi. Hins vegar eru þekktir áhættuþættir brotþola sem auka líkurnar því að þeir verða fyrir heimilisofbeldi (Storey, 2020).

Rannsóknir sýna að brotþolar sem glíma við líkamleg heilsufarsleg vandamál eru líklegri til þess að verða fyrir ofbeldi. Hugsanleg ástæða þess getur verið að slæm líkamleg heilsa getur leitt til einangrunar, sem er eitt og sér áhættuþáttur. Einangrun brotþola minnkar einnig líkurnar á því að ofbeldið greinist. Eldra fólk sem glímir við líkamleg heilsufarsleg vandamál eru einnig ólíklegri til þess að bera kennsl á ofbeldi og tilkynna ofbeldi (Storey, 2020).

Slæm andleg heilsa brotþola er algengur áhættuþáttur og þá sérstaklega brotþolar sem glíma við geðræn vandamál eins og þunglyndi. Alvareiki brota og misnotkunar eru meiri og dánartíðni hærri. Brotþolar sem glíma við geðræn vandamál eru ólíklegri til þess að leita sér hjálpar, eru í meira mæli einangraðir og líklegri er að þeir kenni sjálfum sér

um brotið. Allir þessir þættir gera brotapolann einnig ólíklegri til þess að tilkynna að ofbeldi eða misnotkun hafi átt sér stað (Storey, 2020).

Eldri brotapolar sem misnota vímuefni eru í meiri hættu á því að verða fyrri heililsöfubeldi, miðað við eldra fólk sem ekki misnota vímuefni. Eldri brotapolar sem misnota vímuefni eru líklegri til þess að búa í óstöðugu umhverfi og líklegri til þess að vera einangraðir. Vímuefnaáhrif, hvort sem þau eru vegna langvarandi notkunar eða ekki, draga úr getu brotapola til þess að vernda sig, flýja ástand, leita sér hjálpar og þekkja umfang meiðsla þeirra eða átta sig á ofbeldislegum aðstæðum. Því er vímuefnavandi almennt viðurkenndur sem áhættuþáttur (Storey, 2020).

Almennt hefur verið deilt um hvort ósjálfstæði og að stóla á aðra manneskju (e. dependency) sé áhættuþáttur fyrir ofbeldi gegn öldruðum. Brotapolar sem stóla á aðra manneskju, hvort sem það er umönnunaraðil, fjölskyldumeðlimur eða annar nákominn aðili, eiga erfitt með að hjálpa sjálfum sér, eiga erfitt með að verja sig og eru líklegri til þess að vera einangraðir. Sem dæmi getur brotapoli verið háður geranda sínum sem er einnig umönnunaraðili hans, reiðir á hann til umönnunar, flutninga á milli staða eða jafnvel fjárhagslega. Brotapoli getur verið hikandi við að tilkynna misnotkunina vegna ósjálfstæði hans (Storey, 2020).

Mikil streita og léleg bjargráð geta bæði verið undanfari og áhættuþáttur ofbeldis gagnvart eldri brotapolum. Rannsóknir hafa sýnt að eldra fólk sem glímur við mikla streitu í sínu daglega lífi er þrisvar sinnum líklegri til þess að verða fyrir ofbeldi en það fólk sem glímur við litla eða einga streitu (Storey, 2020).

Neikvæð viðhorf brotapola, eins og meðal annars sjálfsásakanir, afsakanir á ofbeldislegri hegðun fjölskyldumeðlima eða umönnunaraðila og löngun til þess að vernda geranda ýtir undir líkurnar á að verða fyrir ofbeldi. Brotapolar geta einangrað sig, neitað fyrir að misnotkun hafi átt sér stað, leita sér ekki lækniþjónustu og tilkynna ekki um misnotkun og/eða ofbeldi. Brotapolar geta hræðst það að segja frá ofbeldi, meðal annars vegna þess að þeir óttast hefnd, óttast að vera ekki trúað og fá ekki viðeigandi hjálp (Storey, 2020).

Algengt er að brotapolar sem hafa orðið fyrir áföllum á sínum yngri árum verði fyrir ofbeldi á sínum eldri árum. Tengja má áföll eins og líkamlegt ofbeldi og vanræksla á barnsárum og ofbeldi í nánnum samböndum, við ofbeldi á eldri árum. Því er saga um

ofbeldi einstaklings áhættuþáttur þegar kemur að ofbeldi gagnvart öldruðum (Storey, 2020).

Sambönd brotþola við annað fólk getur verið áhættuþáttur, sem dæmi stirt og erfitt samband einstaklinga við fjölskyldumeðlimi og/eða vinafólk og getur það leitt til félagslegrar einangrunar og skorts á félagslegum stuðningi. Félagslegur stuðningur er verndandi þáttur gegn ofbeldi aldraðra, ásamt því að styðja brotþola og vernda gegn streitu, þunglyndi og heilsufarsvandamálum (Storey, 2020).

5.2 Gerendur og áhættuþættir

Þarfir eldra fólks og krefjandi aðstæður umönnunar þeirra getur aukið líkur á ofbeldi. Ábyrgð og kröfur til umönnunaraðila eru miklar og geta aukist eftir því sem heilsu hins aldraða hrakar. Aðstæður sem þessar geta leitt til mikillar streitu (Robinson, Saisan og Segal, 2019). Tekið skal fram að ekkert afsakar ofbeldishegðun. Hins vegar eru þekktir áhættuþættir gerenda sem auka líkurnar því að þeir beiti aldrað fólk ofbeldi (Storey, 2020).

Rannsóknir sýna að slæm líkamleg heilsa getur spáð fyrir um ofbeldi aldraðra á meðal umönnunaraðila og fjölskyldumeðlima eða náinna einstaklinga og getur því ýtt undir ofbeldislega hegðun gagnvart öldruðum. Líkamleg heilsa getur verið læknisfræðilegt vandamál, fötlun og/eða skert líkamleg virkni einstaklings (Storey, 2020).

Slæm andleg heilsa getur ýtt undir ofbeldislega hegðun gagnvart öldruðum. Geðrænar raskanir geta verið banvænar og er þunglyndi eitt algengasta vandamálið í tengslum við ofbeldi gegn öldruðum, ásamt vitrænni skerðingu og ellinglöpum. Birtingarmyndit geta verið allskonar og sem dæmi geta gerendur haft takmarkaða tilfinningalega stjórn og tekið tilfinningar sínar út á brotþola (Storey, 2020).

Vímuefnaneysla hefur verið nefnd sem einn algengasti áhættuþáttur gerenda þegar kemur að ofbeldi gegn öldruðum, en tíðni fíkniefnaneyslu meðal gerenda er allt frá 20% til 50%. Margar rannsóknir sýna að eldra fólk er í hvað mestri áhættu á að verða fyrir ofbeldi þegar umönnunaraðili glímir við vímuefnavanda. Birtingarmyndir eru margar en sem dæmi mætti nefna að gerendur sem glíma við vímuefnavanda eru líklegri til þess að bregðast við á niðrandi og reiðan hátt; gerendur geta rænt aldaraðan einstakling til þess að fjármagna vímuefnaneyslu sína; að glíma við vímuefnavanda er streituvaldandi og

streita er einn af áhættuþáttum heimilisofbeldis gegn eldra fólki meðal gerenda (Storey, 2020).

Að stóla á aðra manneskju (e. dependency) var áður fyrr ekki talinn vera áhættuþáttur gerenda heldur frekar áhættuþáttur brotþola. Rannsóknir hafa þó sýnt að hið gagnstæða, þegar gerendur eru háðir brotþola sínum, sé viðurkenndur áhættuþáttur. Ofbeldi af þessu tagi getur verið margskonar, en algengast er að ofbeldið tengist fjárhagsvanda, atvinnuvanda eða húsnæðisvanda gerenda. Sem dæmi er hægt að nefna gerenda sem er fullorðið barn hins aldraða brotþola, hefur misst vinnu sína og býr hjá brotþola, notar peninginn hans og neitar að fara af heimilinu. Gerandi er háður brotþola og ofbeldið getur verið fjárhagslegt og andlegt ofbeldi (Storey, 2020).

Streita, bjargráð og kulnun gerenda eru áhættuþættir heimilisofbeldis aldraðra, bæði meðal umönnunaraðila og fjölskyldumeðlima og/eða nánna einstaklinga hins aldraða. Gerendur geta látið utanaðkomandi streitu sína bitna á brotþola. Getan til þess að takast á við streitu hefur einnig verið tengd við ofbeldi gagnvart öldruðum, en þeir sem eiga erfitt með að takast á við streitu og streituvaldandi þætti geta reynt að ná stjórn á brotþola með yfirgangi, árásum, og andlegu og líkamlegu ofbeldi (Storey, 2020).

Neikvæð viðhorf gerenda getur verið einn annar áhættuþáttur sem getur ýtt undir ofbeldi gegn öldruðum. Dæmi um neikvæð viðhorf geta verið aldurshyggja (e. ageism), óumburðarlyndi gagnvart hegðun eldri einstaklinga, skortur á samkennd og/eða skilning og reiði og/eða tregða gangvart því að sinna hinum aldraða (Storey, 2020).

Algengt er að einstaklingur sem sjálfur hefur verið fórnarlamb ofbeldis, oft fjölskyldu- eða heimilisofbeldis í æsku, er líklegri en aðrir til þess að beita aldraðan einstakling ofbeldi. Til eru dæmi um það þegar börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi á barnsárum sínum af hálfu foreldra eða annarra tengdra einstaklinga, beita geranda sinn ofbeldi þegar brotþoli er orðinn eldri og sterkari en gerandinn. Saga um heimilisofbeldi gerenda er áhættuþáttur þegar kemur að ofbeldi gagnvart öldruðum og bendir til þess að ofbeldi sé lært bjargráð (Storey, 2020).

Sambönd við annað fólk getur verið áhættuþáttur. Stíð sambönd, félagsleg einangrun og skortur félagslegum stuðningi geta ýtt undir einmanaleika, aukið álag og streitu, þunglyndi og reiðisvandamál sem allt getur ýtt undir ofbeldislega hegðun gerenda (Storey, 2020).

6 Aðstoð og þjónusta til brotþola og gerenda

Almenningur, umönnunaraðilar, fjölskyldumeðlimir og samfélagið sem heild geta hjálpast að við að koma í veg fyrir og sporna gegn heimilisofbeldi aldraðra. Eitt það besta sem við getum gert er að fræða okkur um málefnið, vera meðvituð um að þetta vandamál er til staðar í samfélaginu, þekkja viðvörunarmerki og birtingarmyndir og vita hvar og hvernig við getum nálgast aðstoð. Hægt er að valdefla eldra fólk svo það geti tekið þátt í samfélaginu, við getum veitt umönnunaraðilum og/eða þeim sem vinna með eldra fólk á einhvern hátt, fræðslu og menntun um málefnið, við getum byggt upp stuðning í samfélaginu til eldra fólks svo auðveldara er fyrir þau að nálgast aðstoð (Robinson, Saisan og Segal, 2019). Það geta allir lært að þekkja, koma í veg fyrir og tilkynna um misnotkun og ofbeldi gegn öldruðum. Með því getur þú og aðrir hjálpað til við að sporna gegn ofbeldi gegn öldruðum.

Fjölskyldumeðlimir og aðrir nánir ættingjar og vinir geta verið í góðu sambandi við eldra fólk, til dæmis hringja reglulega og fara í heimsókn og vera til staðar. Umönnunaraðila og aðrir sem vinna með eldra fólk getur komið í veg fyrir ofbeldi gegn þeim með því að létta á álagi og streitu, draga úr streituvaldandi þáttum og læra að hafa stjórn á skapi sínu; hægt er að biðja aðra um aðstoð, til dæmis annað fagfólk, fjölskyldu, vini og aðra ættingja; ef utanaðkomandi vandi er til staðar, eins og þunglyndi eða vímuefnavandi, er hægt að leitast eftir aðstoð til þess að vinna á þeim vanda (Robinson, Saisan og Segal, 2019).

6.1 Aðstoð á Íslandi

Bjarkarhlíð (e.d.) er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum. Þar er veitt ráðgjöf og stuðningur ásamt fræðslu, námskeiðum og fyrirlestrum um eðli, afleiðingar og birtingarmyndir ofbeldis. Hægt er að hafa samband í gegnum síma, tölvupóst, á opnunartíma eða bóka tíma á netinu. Bjarmahlíð (e.d.) er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og er staðsett á Akureyri. Þar er veitt þjónusta, ráðgjöf og upplýsingar fyrir fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi. Þjónustan er notendum kostnaðarlaus. Hægt er að hafa samband í gegnum síma, tölvupóst, á opnunartíma eða bóka tíma á netinu.

Kvennaathvarfið (e.d.) veitir kvenkyns brotþolum og börnum þeirra athvarf vegna ofbeldis. Einnig er boðið upp á ókeypis ráðgjöf, stuðning, viðtöl og fræðslu, handa

brotapolum og aðstandendum. Hægt er að hafa samband í vaksíma og er hann opin allan sólarhringinn. Í neyðartilfellum á alltaf að hafa samband við 112.

Stígamót (e.d.) er miðstöð fyrir konur og karla sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Þar er veitt aðstoð, ráðgjöf og stuðningur til fólks. Einnig bjóða Stígamót upp á fjölbreytta þjónustu fyrir karlkyns brotapolu kynferðisofbeldi. Aflið á Akureyri (e.d.) eru systursamtök Stígamóta. Aflið veitir brotapolu kynferðisbrota aðstoð án endurgjalds. Samtökin bjóða upp á einstaklingsviðtöl, sjálfshjálparhópa og fyrirlestra.

Kvennaráðgjöfin (e.d.) býður upp á ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir bæði konur og karla. Tilgangur starfseminnar er að veita stuðning og ráðgjöf og er þjónustan endurgjaldslaus.

Mannréttindarskrifstofa Íslands (e.d.) veitir meðal annars ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur. Skrifstofan býður einnig upp á túlk endurgjaldslaus ef þörf er á. Fjölmeningarsetur á Ísafirði (e.d.) er hægt að finna ýmsar upplýsingar sem varða innflytjendur, íslenskt samfélag, íslenskukennslu, réttindi og skyldur, túlkun, þýðingar og fleira. W.O.M.E.N. in Iceland (e.d.) er verkefni sem býður upp á jafningjaráðgjöf fyrir konur af erlendum uppruna á þriðjudagskvöldum. Odwaga jest kobietą er stuðningur og valdefling fyrir pólskar konur sem eru brotapolar ofbeldis. Þjónustan er ókeypis og er hægt að hafa samband í gegnum Facebook síðu félagsins.

Neyðarmóttaka er fyrir þolendur kynferðisbrota hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi við Fossvog í Reykjavík. Þjónustan sem þar er veitt er endurgjaldslaus og opið er allan sólarhringinn. Á Akureyri er neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisbrota við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þjónustan sem þar er veitt er endurgjaldslaus og opin allan sólarhringinn.

Heimilisfriður (e.d.) er meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánnum samböndum. Úrræðið býður upp á aðstoð og meðferð fyrir gerendur ofbeldis í nánnum samböndum og er bæði fyrir konur og karla. Ásamt því er boðið fagfólki og almenningi upp á fræðslu og þjálfun um ofbeldi í nánnum samböndum og afleiðingar þess.

7 Umræður og lokaorð

Ofbeldi er ein eða endurtekin athöfn eða skortur á aðgerðum sem veldur skaða og/eða vanlíðan brotþola. Heimilisofbeldi er ofbeldi á millri skyldra eða tengdra aðila, óháð staðsetningu ofbeldisins. Heimilisofbeldi gegn öldruðum er falið vandamál og mun algegngara er almenningur gerir sér grein fyrir. Þar sem fjölgun fólks í aldurshópnum 65 ára og eldri mun verða gríðarlega mikill a næstu áratugum er mikilvægt að vera meðvitaður um birtingarmyndir og viðvörðunarkerki þess, ásamt því að vita hvernig og hvar hægt sé að nálgast aðstoð. Eftir því sem brotþolar eldast eru minna um tilkynningar vegna heimilisofbeldis. Eldra fólk sem verður fyrir heimilisofbeldi getur átt erfitt með að tala um það, vita ekki hvert þau geta leitað og geta verið hrædd um að þeim verði ekki trúað og geta átt erfitt með að nálgast aðstoð. Því er nauðsynlegt, fyrir aldraða og almenning að þekkja til málefnsins til þess að tryggja velferð eldra fólks.

Heimildaskrá

- Aflið. (e.d.). Aflið gegn kynferðis- og heimilisofbeldi. Sótt af <http://aflidak.is>
- Bjarkarhlíð. (e.d.). Bjarkarhlíð. Sótt af <https://www.bjarkarhlid.is>
- Bjarmahlíð. (e.d.). Bjarmahlíð. Sótt af <https://bjarmahlid.is>
- Fjölmenningarsetur. (e.d.). Fjölmenningarsetur. Sótt af <https://www.mcc.is>
- Hagstofa Íslands. (e.d.a). Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841-2020. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00101.px/table/tableViewLayout1/?rxid=4f197443-3ee6-493c-99ec-e16bb1f18d6b
- Hagstofa Íslands. (e.d.b). Spá um mannfjölda eftir kyni og aldri 2019-2068. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldaspa/MAN09010.px/table/tableViewLayout1/?rxid=4f197443-3ee6-493c-99ec-e16bb1f18d6b
- Heimilisfriður. (e.d.). Meðferð fyrir karla/konur sem beita ofbeldi. Sótt af <http://heimilisfridur.is>
- Johannesen, M. og LoGiudice, D. (2013). Elder abuse: a systematic review of risk factors in community-dwelling elders. *Age and Ageing*, 42(3), 292-298.
- Kvennaathvarf. (e.d.). Kvennaathvarf. Sótt af <https://www.kvennaathvarf.is>
- Kvennaráðgjöfin. (e.d.). Kvennaráðgjöfin. Sótt af <https://www.kvennaradgjofin.is>
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). Mannréttindaskrifstofa Íslands. Sótt af <http://www.humanrights.is>
- Ríkislögreglustjóri. (2014). Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Sótt af <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/06/Verklagsreglur-um-heimilisofbeldi-13.09.2018.pdf>
- Robinson, L., Saisan, J. og Segal, J. (2019, júní). Elder Abuse and Neglect. Sótt af <https://www.helpguide.org/articles/abuse/elder-abuse-and-neglect.htm?pdf=12326>
- Safe Lives. (2016a). It's our right to be safe at any age. How can we make it easier for older victims to get help? Sótt af https://safelives.org.uk/practice_blog/its-our-right-be-safe-any-age-how-can-we-make-it-easier-older-victims-get-help
- Safe Lives. (2016b). *Safe Later Lives: Older People and Domestic Abuse*. Sótt af <https://safelives.org.uk/sites/default/files/resources/Safe%20Later%20Lives%20-%20Older%20people%20and%20domestic%20abuse.pdf>
- Stígamót. (e.d.). Stígamót. Sótt af <https://www.stigamot.is>

Storey, J. E. (2020). Risk factors for elder abuse and neglect: A review of the literature. *Aggression and Violent Behaviour*, (50).

Violence prevention alliance. (e.d.). Definition and typology of violence. Sótt af <https://www.who.int/violenceprevention/approach/definition/en/>

W.O.M.E.N. in Iceland. (e.d.). Women of multicultural ethnicity network in Iceland. Sótt af <https://womeniniceland.is/is/>

World Health Organization. (2002). *World report on violence and health* í Krug, E. G., Dahlberg, L. L., Mercy, J. A., Zwi, A. B. og Lozano, R. (ritstjórar). Abuse of the elderly (bls. 123-143). Sótt af https://www.who.int/violence_injury_prevention/violence/world_report/en/full_en.pdf?ua=1